



1970 • 2020

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

Hjálparstarf í hálfa öld

Hjálparstarf kirkjunnar hefur nú starfað í fimmtíu ár en það var á prestastefnu sumarið 1969 sem prestar landsins hvöttu þjóðkirkjuna til að koma á legg hjálparstofnun á hennar vegum. Á fundi sínum þann 9. janúar 1970 ákvað kirkjuráð svo formlega að stofna Hjálparstofnun kirkjunnar en nafninu var breytt í núverandi heiti á starfsárinu 1997-1998.

Frá upphafi hefur hlutverk stofnunarinnar verið að starfrækja mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar hételendis og á alþjóðavettvangi. Starfið hefur tekið breytingum í árána rás í takt við sibreytilegt starfsumhverfið. Nú starfa þrír félagsráðgjafar að verkefnum stofnunarinnar á Íslandi, tveir fulltrúar á skrifstofu auk fræðslufulltrúa og framkvæmdastjóra. Hjálparstarfið nýtur auk þess ómetanlegs vinnuframlags sjálfbæðaliða sem vinna í fatamiðstöð stofnunarinnar. Loks er þjónustan við fólk sem býr við sárafatækt á verkefnasvæðum erlendis veitt í samvinnu við systurstofnanir í Alþjóðahjálparstarfi kirkna, ACT Alliance.

Á afmælisári hefur reynt á þolgæði og þrautseigju samfélaga um allan heim og það eru blíkur á lofti. Enn er óvíst um þróun kórónuveirufaraldursins en efnahagslegar afleiðingar hans eru

að einhverju leiti komnar fram. Í apríl og maí 2020 leituðu þannig um 58% fleiri einstaklingar og fjölskyldur til Hjálparstarfs kirkjunnar um efnislega aðstoð hér innanlands en á sömu mánuðum síðasta starfsárs.

Í skýrslum hjálparsamtaka víða um heim segir að heimsfaraldurinn muni leiða til aukinnar misskiptingar innan og milli samfélaga, að sárafatækt meðal kvenna muni aukast meira en meðal karla og óttast er að farsóttin leiði til þess að þúsundir barna svelti í hel í Afríku sunnan Sahara áður en árið 2020 er úti.

Fimmtíu árum eftir stofnun Hjálparstarfs kirkjunnar er ljóst að þörfin fyrir þjónustuna er enn brýn á Íslandi jafnt sem á alþjóðavettvangi. Heimsfaraldurinn hefur krafist þess að við lögum starfið að reglum um fjarlægðarmörk en við höldum ótrauð áfram að veita aðstoð fólki sem býr við mikla neyð. Í skýrslu um starfið árið 1970 spyr séra Jónas Gíslason, fyrsti framkvæmdastjóri stofnunarinnar: „Á ég að gæta bróður míns?“ Og bætir svo við: „Þannig þarf enginn lengur að spyrja. Við þekkjum öll svarið. Við berum ábyrgð hver á öðrum. Við eigum að sýna í verki kærleika okkar til náungans. Við þurfum að sýna trú okkar í verkunum. Ella er trúin dauð.“



Hjálparstarf kirkjunnar hefur á starfsárinu 2019-2020 lagt áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 1, 2, 3, 4, 5, 6, 10 og 17.



- Hjálparstarf kirkjunnar vinnur óháð og sjálfstætt í þágu þeirra sem búa við fátækt og félagslegt óréttlæti. Öll þjónusta er veitt án tillits til trúar, þjóðernis, litarhátta, kyns eða skoðana þeirra sem aðstoðar eru þurfi.
- Á alþjóðavettvangi starfar Hjálparstarf kirkjunnar með Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWS / DWS, og systurstofnunum í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance. Bæði samtökin samhæfa mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu með hjálparstofnunum Sameinuðu þjóðanna og starfa eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.
- Á Íslandi starfa félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar með prestum og djáknum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum mannúðarsamtökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar séu hafðir með í ráðum.





Ekkert barn útundan! Í upphafi skólaárs aðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar efnalítla foreldra sérstaklega til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun barna og unglinga.

Aðstoð við fólk í félagslegri neyð

Á Íslandi veitir Hjálparstarf kirkjunnar fólki í félagslegri neyð efnislega aðstoð í samvinnu við presta, félags- og námsráðgjafa um land allt. Aðstoðinni er ætlað að svara skyndilegri neyð enda er það skylda stjórnvalda að tryggja framfærslu fólks í félagslegum vanda þannig að það fái lífað mannsæmandi lífi til lengri tíma. Meginmarkmiðið er að grunnþörfum fólks sé mætt, að fjárhagslegir erfiðleikar ógni ekki heilsu fólks og takmarki ekki möguleika barna og unglunga til farsæls lífs.

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki sem býr við fátækt neyðaraðstoð til skemmri tíma meðal annars með inneignarkortum í matvöruverslunum en mikil valdefling felst í því að fólk versli sjálft þær nauðsynjar sem það þarf í stað þess að bíða í röð eftir matarpoka sem aðrir hafa fyllt.

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í félagslegri neyð þegar sýkingar eða veikindi kalla á óvænt útgjöld vegna lyfjakaupa. Þó er ekki greitt fyrir lyf sem eru á lista Lyfjastofnunar yfir ávana- og fíknilyf. Hjálparstarfið greiðir lyfjaverslunum beint fyrir lyfin sem aðstoðað er um.

Börn og unglingar sem búa við fátækt fá styrk frá Hjálparstarfi kirkjunnar til íþróttaiðkunar, listnáms og frístundastarfs. Foreldrar geta einnig leitað eftir styrk til að senda börn í sumarbúðir og ungmennti á sjálfstyrkingarnámskeið. Foreldrum grunnskólabarna býðst aðstoð í upphafi skólaárs og ungmennti sem búa við fátækt fá styrk til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi.



Taupokar með tilgang er saumaverkefni fyrir konur sem eru nýkomnar til landsins og eru utan vinnumarkaðar. Konurnar sníða og sauma fjölnota innkaupapoka og fleira úr efni og / eða notuðum fatnaði sem almenningur hefur gefið og nota til þess saumavélar sem almenningur hefur gefið sömuleiðis. Konurnar fá félagsskap og læra að sauma, efni er endur-unnið og umhverfið græðir.

Sjálfstyrkingarnámskeið og valdeflandi hópastarf


Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar taka á móti fólki sem leitar eftir efnislegum stuðningi hjá stofnuninni, ræða við það og benda á úrræði í samfélaginu sem kunna að gagnast því við að komast út úr erfiðum aðstæðum.

Aðstæður fólks sem upplifir vífahring fátæktar og félagslegrar einangrunar eru oft þannig að heillavænlegast er takast á við þær á heildrænan hátt. Með það að markmiði að stuðla að aukinni virkni og velliðan þátttakenda skipuleggja félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar reglulega sjálfstyrkingarnámskeið og hópastarf í samráði við fólkið sem til okkar leitar.

Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar er verkefni skipulagt með konum sem búa við örorku og eru með börn á framfæri. Markmiðið er að bæta sjálfsmynd og trú á eigin getu, að styrkja tengslanetið og eflast í foreldrahlutverkinu.

Í Sumarbúðum fyrir fjölskyldur á Úlfjótssvatni, sem er samvinnuverkefni með Hjálpræðishernum á Íslandi, er boðið upp á fjölbreytta dagskrá í fjóra daga með það að markmiði að fjölskyldur sem búa við kröpp kjör geti átt gleðilegt frí saman og safnað góðum minningum.

Sumarfrí innanlands að eigin vali er verkefni sem Hjálparstarfið fór af stað með sumarið 2020 en þá nutu barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör stuðnings til að fara í sumarfrí að eigin vali. Að fríi loknu fara börnin í skólann með minningar um samverustundir með fjölskyldunni, eins og bekkjarsystkinin.



Í öllum verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar, hvort sem er á Íslandi eða á alþjóðavettvangi, er nálgunin heildræn. Í verkefnum okkar eru umhverfisvernd og valdefling kvenna samtvinnuð markmiðum um bætt lífskjör fólksins sem við vinnum með.

Tekist á við fátækt og félagslegt ójafnrétti

Auk þess að veita neyðaraðstoð og hjálpa fólki til sjálfshjálpar með ráðgjöf og valdeflandi verkefnum hefur Hjálparstarf kirkjunnar það að markmiði að auka almenna vitund um mannréttindi og mikilvægi félagslegs réttlætis. Afstaða Hjálparstarfs kirkjunnar er sú að þjónusta við fólk í félagslegri neyð eigi að vera notendastýrð og stofnunin leggur áherslu á að fólk eigi að geta lifað mannsæmandi lífi af launum sínum og lífeyri.

Hjálparstarf kirkjunnar vinnur með fólki í fátækt sem talar fyrir sig sjálft og tekur þátt í opinberum ákvörðunum sem það varðar. EAPN er evrópskur samráðsvettvangur fyrir fólk sem býr við fátækt en félagsráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfsins taka þátt í störfum Íslandsdeildar EAPN. Lykillþáttur í starfsemi EAPN á Íslandi er virk þátttaka Pepp Ísland - samtaka fólks í fátækt sem samanstendur af öflugum hópi einstaklinga sem hafa sjálfir upplifað fátækt og félagslega einangrun.

Félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar er í Velferðarvaktinni sem leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunasamtaka um leiðir til að styðja við fólk sem býr við efnislegan skort á réttlátan hátt og til að tryggja rétt barna til lífsafkomu sem nægir þeim til að ná fullum þroska. Fulltrúar Hjálparstarfs kirkjunnar tjá sig auk þess í fjölmiðlum og á öðrum samráðsvettvangi um kjör þeirra sem til stofnunarinnar leita, allt í þeim tilgangi að vekja stjórnvöld og almenning til vitundar um umbætur þar sem þörf er á.



Frá árinu 2014 hefur Hjálparstarf kirkjunnar sent samtals um 108 milljóna króna framlag til mann-
úðaraðstoðar við fólk á vergangi
innan Sýrlands sem og við stríðs-
hrjáða Sýrlendinga sem hafast að í
flóttamannabúðum í nágrenni-
um, þar á meðal í Jórdaníu þar sem
þessi litla stúlka hefst að með
fjölskyldu sinni. Hjálparstarf Lútherska
heimssambandsins aðstoðar fólkið
sem býr við sára fátækt og á í
erfiðleikum með að mæta brýnustu
þörfum fyrir mat og skjól.

Mannúð í verki

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mannúðaraðstoð í samvinnu við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins, LWF / DWS og systurstofnanir í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance. Bæði samtökin samhæfa mannúðaraðstoð með hjálparstofnunum Sameinuðu þjóðanna og starfa eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

ACT Alliance er samstarfsnet yfir 130 kirkjutengdra hjálparstofnana sem starfa í yfir 120 ríkjum og Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins, LWF / DWS, starfar í umboði 148 kirkjustofnana að mannúðarverkefnum í 25 þjóðríkjum víðs vegar um heiminn.

Á starfsárinu sendi Hjálparstarf kirkjunnar fjárframlög til mannúðaraðstoðar í Malaví, Jórdaníu, Sýrlandi og í Írak. Utanríkisráðuneytið og Hjálparliðar, reglulegir styrktaraðilar Hjálparstarfsins, standa að baki framlögunum.

Í nóvember 2019 sendi Hjálparstarf kirkjunnar fjárstuðning til ELDS, systurstofnunar í Malaví, sem hefur veitt þúsundum aðstoð eftir að fellibylurinn Ida olli miklum búsifjum í landinu fyrr á árinu.

Í Írak ríkir enn neyðarástand vegna átaka innanlands. Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins veitir fólki á vergangi og fólki sem hefur snúið aftur heim aðstoð meðal annars við að laga húsnæði, gera við brunna, kamra og aðra hreinlætisaðstöðu. Hjálparstarf kirkjunnar sendi fjárframlag til mannúðarverkefnisins í maí 2020.

A photograph of a woman and a young girl sitting in front of a brick wall. The woman is wearing a gold and black patterned dress and has her hands resting on the girl's shoulders. The girl is wearing a dark shirt and is holding a green object. The text is overlaid on the right side of the image.

„Sjáið mig bara, ég var búin að missa alla von en nú eru börnin mín orðin stór og ég er leiðtogi í samfélaginu,” sagði Harriet sem naut aðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar árið 2010. Þá var hún mjög veikburða af völdum alnæmis og gerði sér engar vonir um að lifa af. Henni var huggun í að vita að börnin fjögur hefðu fengið húsaskjól og aðgang að vatni og hreinlætisaðstöðu. Harriet náði hins vegar heilsu á ný með því að taka lyf og er nú í sveitarstjórn þar sem hún leggur áherslu á að efla þjónustu við HIV-smitaða og börn þeirra.

Hlúð að börnum sem búa við örbirgð

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins segir að öll börn eigi rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska og að foreldrar beri höfuðábyrgð á lífsskilyrðum og framfærslu barna sinna. Á Indlandi aðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar börn sem búa við sárafátækt svo þau geti aflað sér menntunar og í sveitahéruðum Úganda í Lyantonde og Rakai veitir Hjálparstarf kirkjunnar börnum sem búa við örbirgð margvíslega aðstoð.

Foreldrar barnanna í Úganda eru annað hvort látnir af völdum alnæmis eða mjög lasburðar og eru ekki færir um að tryggja heilsu þeirra og tækifæri til mannsæmandi lífs. Hjálparstarf kirkjunnar veitir börnunum aðstoð í samstarfi við innlendu grasrótarsamtökin RACOBABO sem hafa starfað í þágu HIV-smitaðra í meira en áratug. Aðstoðin felst fyrst og fremst í því að reist eru einföld múrsteins-hús fyrir börnin, sem oft eru í umsjón aldraðrar ömmu, að tryggja þeim drykkjarvatn með 4000 lítra vatnstanki fyrir rigningarvatn, sem reistur er við hlið húsa, og að tryggja hreinlæti með því að reisa útikamar. Til þess að stuðla að góðri heilsu barnanna fá fjölskyldurnar geitur, áhöld og útsæði til að hefja matjurta-rækt.



Zam bjó áður við mjög erfiðar aðstæður heima fyrir. Hún lærði meðal annars að flétta hár í einni af smiðjum UYDEL og vinnur nú við fagið á hárgreiðslustofu. Launin duga henni til framfærslu og hún nýtur nú meiri virðingar í samfélaginu.

Unglingar í fátækrahverfum fá tækifæri

Í smiðjum UYDEL, samstarfsaðila Hjálparstarfs kirkjunnar í Kampala, höfuðborg Úganda, starfa félagsráðgjafar með unglingum sem hafa ekki getað haldið áfram í skóla sökum fátæktar og búa við ömurlegar aðstæður í fátækrahverfum borgarinnar. Markmiðið er að hjálpa börnum og ungmennum á aldrinum 13 – 24 ára með því að bjóða þeim upp á ársnám í iðngrein sem þau geta svo notað til að sjá fyrir sér. Líka að unglingarnir taki þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina.

Í jafningafræðslu eru unglingarnir upplýstir um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu. Í Úganda verða stelpur gjarnan mæður mjög ungar en með fræðslu til bæði stelpnanna og ekki síður til strákana meðal annars um notkun smokka fá þær tækifæri til að fresta barneignum. Unglingarnir fá smokka í smiðjunum en notkun þeirra kemur einnig í veg fyrir smit kynsjúkdóma.

Í smiðjunum er meðal annars boðið upp á nám í tölvu- og farsímaviðgerðum, rafvirkjun, fatasaum og fataprjón, tóskugerð, sápuugerð, hárgreiðslu og fördun, eldamennsku og þjónastarfi. Skipulagið er yfirleitt þannig að kennsla í iðngreinum er fyrir hádegis en boðið er upp á söng, íþróttir og jafningjafræðslu eftir hádegis.

Eftir ársnám hafa unglingarnir lært það mikið að þeir geta komist í starfsnám í fyrirtækjum eða komið sér upp eigin sölu- eða viðgerðarbasum. Félagsráðgjafar UYDEL hafa milligöngu um starfsnámið og fylgja krökkunum eftir og athuga hvernig þeim reiðir af eftir námið.

Konur á svæðinu hafa ekki haft völd til að taka ákvarðanir um landnotkun, búfé eða fjármál heimilisins og fá mjög takmörkuð tækifæri til að taka þátt í sveitarstjórn. Til þess að auka möguleika þeirra er konunum sem taka þátt í verkefninu er boðið að taka þátt í sparnaðar- og lánahópum með það að markmiði að þær geti hafið eigin atvinnurekstur.



Hjálp til sjálfshjálpar á þurrkasvæðum í Eþíópíu


Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafatæku fólki sem býr á miklum þurrkasvæðum í Sómalífylki í austanverðri Eþíópíu. Síðastliðin tvö og hálft ár hefur verkefnasvæðið verið í héraðinu Kebri Beyah en þar búa yfir 80% af 214 þúsund íbúum í dreifbýli og hafa lífibrauð af landbúnaði.

Betur stæðir bændur eiga kameldýr, nautgripi, kindur og geitur og þar sem skilyrði eru til rækta bændurnir maís, hirsí, hveiti, grænmeti og ávexti. Vatnsskortur í héraðinu veldur hins vegar sárri fatækt meðal sjálfsþurftarbænda þar. Þegar lítið sem ekkert rignir á hefðbundnum regntíma verður uppskeran rýr og fatæktin séfellt sárari. Þegar loksins rignir er jarðvegurinn orðinn grjótharður og regnvatnið nær ekki að næra hann en rífur með krafti sínum ræktarland í sundur.


Hjálparstarf kirkjunnar starfar með 3.000 fjölskyldum sem búa við mjög slæm skilyrði í héraðinu að því að tryggja fæðuöryggi þeirra. Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni með birkugerð (hefðbundin vatnssöfnunarþró), að fólkið geti aukið fæðuöryggi sitt með umhverfisvernd og bættum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar.

Bændurnir fá verkfæri og þurrkpolin fræ til ræktunar ásamt fræðslu um skilvirkar aðferðir í rækun. Dýraliðar fá þjálfun í að meðhöndla dýrasjúkdóma og bólusetja búfé með bóluefni sem Hjálparstarf kirkjunnar útvegar. Í framhaldi af fræðslu skipuleggur fólkið landgræðsluhópa sem planta trjágræðlingum og reisa stíflur og veggir í árfarvegum til að hefta jarðrof.

Tekjur námu 344,3 milljónum króna



236,8 milljónum var varið til verkefna



Fjármál


Tekjur

Tekjur Hjálparstarfs kirkjunnar frá 1. júlí 2019 til 30. júní 2020 námu 344,3 milljónum króna. Fjórar hefðbundnar fjáröflunarleiðir voru farnar á starfsárinu: Haustsöfnun í ágúst og september, söfnun með aðstoð barna í fermingarfræðslu í nóvember og jóla- og páskaðöfnun. Regluleg fjárframlög frá einstaklingum, prestum og sóknum þjóðkirkjunnar, keyptar styrktarlínur í fréttablaði Hjálparstarfs kirkjunnar, Margt smátt..., sala minningarkorta og gjafabréfa af vefsíðunni gjofsemgefur.is renndu einnig styrkum stoðum undir starfið. Þá naut Hjálparstarf kirkjunnar stuðnings stjórnvalda við verkefni á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar erlendis sem og við neyðaraðstoð og valdeflingarverkefni innanlands. Þess ber að geta að fjárstuðningur kirkjuráðs við verkefni sem ber vinnuheitið „Ópið hús fyrir konur í vanda“, samtals 40 milljónir króna, er skráður til tekna á starfsárinu. Verkefnið hefst hins vegar á starfsárinu 2020-2021 og því mun kostnaðurinn koma fram á því ári.

Útgjöld

Hjálparstarf kirkjunnar varði 306,8 milljónum króna til verkefna og reksturs á starfsárinu. Stofnunin varði alls 86,6 milljónum króna til verkefna í þróunarsamvinnu og 39 milljónum króna til mannúðaraðstoðar. Til verkefna innanlands varði Hjálparstarfið 101,2 milljónum króna og til fræðslustarfs 10 milljónum króna.

Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 306,8 milljónum króna







English Summary

Fifty years of service

The year 2020 marks the 50th anniversary of Icelandic Church Aid, founded by the Evangelical Lutheran Church of Iceland, the National Church, in 1970. Since its foundation, ICA has served people experiencing poverty in Iceland, provided humanitarian assistance to people affected by conflict and natural disasters abroad and financed development cooperation projects in some of the poorest communities in the world. The serious social and economic effects of the Covid-19 pandemic have influenced all aspects of our work, challenging us to be flexible and innovative.

ICA has seven staff members, is governed by a council of representatives that meets twice a year and selects an executive board of five members. ICA follows the Sustainable development agenda of the United Nations to end poverty, protect the planet and ensure that all people enjoy peace and prosperity by 2030. To do so, ICA runs projects at home and funds projects abroad, bilaterally and through cooperation with the Lutheran World Federation World Service, LWF/DWS, and sister organisations in ACT Alliance.

World Service is the humanitarian and development arm of the LWF, a global communion of 148 Lutheran churches in 99 countries worldwide. In 2019 it ran country programs and emergency operations in 25 countries in Africa, Asia, the Middle East, and Latin America and the Caribbean to assist over 2.2 million people in challenging humanitarian contexts. Through LWF/DWS, ICA has access to expertise in specialized fields and directs funds to assist the poorest of the poor in its development cooperation and humanitarian assistance. All work is done in close partnership with organisations and people at the grassroots' level.

ACT Alliance is a coalition of more than 130 churches and faith-based organisations working together in over 120 countries to create positive and sustainable change in the lives of poor and marginalized people regardless of their religion, political views, gender, sexual orientation, race or nationality and in keeping with the highest international codes and standards. ACT Alliance coordinates emergency assistance on behalf of LWF and the World Council of

Churches, as well as long-term development cooperation and strong advocacy projects.

Social inclusion of people experiencing poverty in Iceland

Since its foundation in 1970, ICA has assisted people in need in Iceland in close cooperation with pastors and Social Workers countrywide. Families living below the poverty threshold are provided with material assistance through gift cards in food stores, payment of medical bills in an emergency and second-hand clothing. Three ICA Social Workers offer counselling and organize various training courses and projects in cooperation with the participants leading to their empowerment and social inclusion.

Emergency aid

People seeking assistance meet with our Social Workers in walk-in appointments and are requested to provide information on income and basic living expenses such as rent, heat, electricity, childcare and insurance. The Debtors' Ombudsman minimum budget to support a family helps us define the need of the applicant and many receive assistance in the form of a gift card in food stores, second hand clothing, payment of drug and medical costs and more.

Special emphasis is on responding to the needs of children and assistance is available to youth, who are financially not able to support themselves during secondary studies. ICA's assistance aims at helping them graduate and be able to enter University level studies or graduate with certificates that make them more competitive on the job market.

Empowerment

ICA's Social Workers work with people in need, responding to individual cases in an appropriate manner. Various counselling, free of charge, is offered as well as self-help courses and activities aiming for social inclusion of the participants.

Advocacy

Information collected through individual interviews, enables ICA Social Workers



to lobby for support measures from government and municipalities. ICA Social Workers participate in public committees promoting civil rights and pointing out various problems ICA beneficiaries face. Together with other NGOs and beneficiaries, ICA works on different levels at encouraging the law maker and the public to strive for social justice and equality.

Humanitarian assistance

When tropical cyclone Idai hit Malawi in March 2019, its torrential rains and winds impacted more than 922, 900 people according to local authorities. In November 2019, ICA responded to the ACT Alliance appeal SAF191 and provided funds to the emergency response project carried out by its local sister organization, the Evangelical Lutheran Development Service, ELDS. The project has covered sectors such as WASH, psychosocial support, health and nutrition, livelihood and early recovery.

The armed conflict in Syria continues to drive the largest refugee crisis in the world. Of the estimated 11.7 million people in need of multi-sectorial humanitarian assistance across Syria, 5 million people are experiencing acute needs, 6.2 million people are internally displaced, and many have been displaced multiple times. Children and youth comprise more than half of the displaced, as well as half of those in need of critical humanitarian assistance. In May 2020, ICA responded to the ACT Alliance appeal SYR201 and provided funds to the humanitarian response carried out by LWF/DWS to assist internally displaced people in Syria and refugees in Jordan. The sectors covered are shelter/NFI, food security, WASH, education, psychosocial support, livelihood and early recovery, health and nutrition, and capacity building.

The humanitarian crisis in Iraq remains one of the largest and most volatile in the world. The 2019 Iraq Humanitarian Response Plan states 6.7 million people continue to be in a need of assistance. In May 2020, ICA responded to the ACT Alliance appeal IRQ201 and sent funds to the multi-sectorial support provided by the LWF/DWS to IDPs, refugees, returnees and host communities in the country.

Food security and sustainable livelihood

ICAs largest development project is carried out in cooperation with LWF/DWS in Somali



Regional State, one of the four least developed regions in Ethiopia. It is also the most vulnerable region to drought effects due to the dominantly arid and semi-arid agro-ecology. Frequent drought and inadequate basic infrastructures are considered as underlying factors of a chronic food insecurity in the region.

The objective of the project is to ensure food security and sustained livelihood for resource poor agro-pastoralists and women headed households in the district of Kebri Beyah where a large proportion of the population depends on food aid programs to survive.

Birkas (traditional ponds) are constructed to ensure access to water and irrigation sustains diverse new crops used to supplement main crops and improve soil. Tools are supplied as well as training in processing and storing of harvests, food and water. Para vets receive training in care of animal husbandry which in turn increases general productivity where low productivity and diseases have been a constraint on farming. A water source within easy reach also saves time. More girls go to school, mothers have more time for childrearing, food production and economic activities.

Environmental protection is integrated into water and livelihood schemes; teaching, training and tools work together to conserve soil along with new species for food and fodder, inter-cropping, manure as fertilizers, tree nurseries, water harvesting and hygiene.

In our project, government agents, traditional leaders and beneficiaries all receive training on local and international law on conservation, responsible and equitable use of natural resources, along with disaster preparedness linked to drought and floods. Bringing them together links duty bearers and rights holders, increases understanding, explains shortcomings and smoothens cooperation. People understand how water, soil and trees, crops and refuse are all linked together. They understand how a different approach in one area leads to more success in another.

Women empowerment

ICA development cooperation projects beneficiaries live in absolute poverty in harsh environments. Not because it is their choice, it is all they can afford. To develop their skills to fight for their own rights, ICA's work is rights based. Beneficiaries participate fully





in projects, learning not only new methods and thus improving their daily lives, but more importantly also about their rights and how to claim them.

Women in our intervention area in the Somali Regional State of Ethiopia have no access to and control over productive resources (especially land and livestock). Women are also excluded from extension and training services provided by local institutions. Furthermore, women are excluded from the decision-making processes at community level. The effect on rural poverty and poor health conditions is aggravated by these deep rooted traditional, social and cultural practices which biases against women.

Through participation in ICA's development cooperation project women learn to assess their situation, put their ideas into words and claim their place at the decision-making table. Extensive work is done with traditional and religious leaders, government agents and institutions to influence behaviour change and recognize the various aspects of poverty and how funds and services can be channelled to reduce it.

Shelter and education


In the Ugandan districts of Lyantonde and Rakai, where orphaned children struggle with adult responsibilities, taking care of younger siblings as head of household, ICA continues its support to counter the effects of HIV/AIDS and provides affected families with housing, household items, beddings, mosquito nets, goats and more.

In Kampala, the capital city of Uganda, ICA supports the work of Uganda Youth Development Link, UYDEL, with vulnerable youth in urban slums. Huge unemployment and related income poverty problems make young people vulnerable to abuse and exploitation. UYDEL offers skills training in youth centres enabling them to find a means of securing necessities.


In India, ICA continues its support towards children and youth living in extreme poverty and provides support for their primary and secondary education.




Total Income 344,3 million ISK



Expenditure for Projects 236,8 million ISK



Total Expenditure 306,8 million ISK



Hjálparstarf kirkjunnar – hjálparstarfið okkar

Stuðningur sem skiptir sköpum!

Á hverju ári ganga börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar í hús í heimasókn með söfnunarbauka Hjálparstarfs kirkjunnar í hönd og safna fé til verkefna í Afríku. Framlag fermingarbarna er ómetanlegt!

Fyrir jól og páska og í ágúst ár hvert býður Hjálparstarf kirkjunnar landsmönnum að leggja starfinu lið með því að greiða valgreiðslu í heimabanka. Fjárstuðningur almennings sem svarar kalli með þeim hætti er afar mikils verður!

Opinber framlög til mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnuverkefna sem og til verkefna innanlands eru ein af grunnstuðunum undir starfið og er Hjálparstarf kirkjunnar afar þakklátt fyrir traustið sem stjórnmöld sýna stofnuninni með framlögnum.

Fyrirtæki og félagasamtök styrkja starfið með beinum styrkjum sem og með birtingu stuðningslína og auglýsinga í fréttablaðinu Margt smátt... Styrkirnir gerir okkur kleift að halda áfram að starfa að bættum hag þeirra sem búa við fátækt og félagslega einangrun.

Fjöldmargir kaupa minningarkort og tækifærissgjafir á gjafabréfasíðunni gjofsemgefur.is. Gjafirnar sem þar fást eru táknrænar og endurspegla starfið. Fólkið sem fær þau að gjöf fær tækifæri til að hjálpa náunga sínum til sjálfshjálpar og það er dýrmæt gjöf.

Stuðningur Hjálparliða sem styrkja starfið með reglulegu framlagi er máttarstoð undir starfinu. Hver sem er getur gerst Hjálparliði á vefsíðunni hjalparstarfkirkjunnar.is. Það eina sem þarf er bankareikningur eða kreditkort. Upphæð fjárstuðnings er að eigin vali og hægt er að breyta henni eða láta af stuðningi hvenær sem er.

Fjárstuðningur Hjálparliða og annarra velunnara Hjálparstarfs kirkjunnar gerir okkur kleift að starfrækja öflugt mannúðar- og hjálparstarf hér heima og í fátækustu samfélögum heims. Takk fyrir dýrmætan stuðning!

Stjórn og starfsfólk

Hjálparstarfs kirkjunnar 2019–2020:

Framkvæmdastjórn:

Gunnar Sigurðsson, formaður

Hörður Jóhannesson

Salóme Huld Garðarsdóttir

Varamenn:

Benedikt Vilhjálmsson

Vigdís Valgerður Pálsdóttir

Starfsfólk:

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri

Atli Geir Hafliðason, umsjón með bókunum,
starfi sjálfboðaliða o.fl.

Áslaug Arndal, umsjón með skrifstofu
Helena Gunnarsdóttir / Guðný Helena Guðmundsdóttir,
félagsráðgjafi í innanlandsstarfi

Kristín Ólafsdóttir, umsjón með fræðslu og fjáröflun
Sædís Arnardóttir / Júlía Margrét Rúnarsdóttir,
félagsráðgjafi í innanlandsstarfi

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi og umsjón
með innanlandsstarfi

Heimilisfang:

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík

Sími: 528 4400

Heimasíða: hjalparstarfkirkjunnar.is

Facebooksíða: [@hjalparstarf.kirkjunnar](https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar)

Instagram: [@hjalparstarfid](https://www.instagram.com/hjalparstarfid)

Forsíðumynd: Þorkell Þorkelsson

Aðrar myndir: Hjálparstarf kirkjunnar og samstarfsaðilar

Hönnun: Margrét E. Laxness

Prentun: Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja



Heimasíða: hjalparstarfkirkjunnar.is

Facebooksíða: [@hjalparstarf.kirkjunnar](https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar)

Instagram: [@hjalparstarfid](https://www.instagram.com/hjalparstarfid)

Gjafabréf: gjofsemgefur.is

50
1970 • 2020
Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance